



Reykjavík, 16. febrúar 2026

MSS26010078

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Velferðarráð

---

### Umsögn velferðarráðs um skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins 1974–1979

Þann 22. janúar 2026 lagði borgarstjóri fram í borgarráði tillögur um eftirfylgni á skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins 1974–1979.

Borgarráð vísaði skýrslunni til umsagnar velferðarráðs.

#### Umsögn:

Skýrsla nefndar um athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins á árunum 1974–1979 er fræðilega skýr og skilar mikilvægu framlagi til áframhaldandi uppbyggingar í barnaverndarstarfi borgarinnar. Nefndin leggur fram yfirgripsmikla greiningu á starfsemi stofnunarinnar, sögu, lagalegum forsendum og aðbúnaði barna, og byggir á bæði ítarlegri gagnasöfnun og faglegri nálgun.

Nefndin dregur fram að aðstæður barna, aðbúnaður og umönnun hafi almennt verið með betri hætti 1974–1979 en á fyrri tímabilum. Ekki er unnt að slá því föstu að börn hafi almennt sætt illri meðferð í skilningi laga nr. 45/2022 á þessu tímabili. Á sama tíma er gagnlegt að nefndin bendir á þau atriði sem var ábótavant, svo sem faliðaðar næturvaktir, skort á sértækum úrræðum fyrir börn, s.s. þeirra sem voru fötluð, þeirra sem voru eldri, þeirra sem komu úr sérstaklega erfiðum aðstæðum eða voru vistuð oft og ófullnægjandi skráningu mála. Þessi atriði eru mikilvægur lærdómur og styðja áframhaldandi umbótastarf velferðarsviðs.

Sérstaklega ber að nefna að skýrslan undirstrikar mikilvægi góðra skráninga og heildstæðrar lýsingar á málsmeðferð í barnaverndarstarfi — ekki aðeins varðandi einstök mál heldur starfsemina í heild. Áherslur nefndarinnar falla vel að þeirri þróun sem þegar hefur átt sér stað innan velferðarsviðs, þar sem bætt innra eftirlit, gagnreynd vinnubrögð, skýrt verklag og trygging á faglegum gögnum hafa verið í forgrunni. Þrátt fyrir að þessir þættir séu nú þegar hluti af starfsháttum sviðsins, munu þau verða áfram leiðarljós í áframhaldandi innleiðingu og þróun barnaverndarþjónustunnar.

Í skýrslunni er jafnframt bent á mikilvægi þess að horfa til árangurs af barnaverndarstarfi og líðanar barna sem barnavernd á hverjum tíma þjónustar, og að tryggt sé að notast sé



**Reykjavík**



við gagnreyndar aðferðir og reglulegt mat á árangri til lengri tíma. Þessi sjónarmið eru þegar samofin starfsháttum velferðarsviðs, en munu einnig verða hafin enn frekar til vegs í ljósi þess lærdóms sem skýrslan dregur fram.

Heildstætt mat velferðarráðs er að um sé að ræða afar vandaða, faglega og mikilvæga skýrslu sem styrkir þekkingu okkar á sögulegum aðstæðum barna í umsjón borgarinnar og styður áframhaldandi umbætur í barnaverndarstarfi. Velferðarráð tekur undir ábendingar nefndarinnar og mun halda áfram að vinna markvisst að því að tryggja öflugt, gagnsætt og réttlátt barnaverndarstarf þar sem öryggi og velferð barna er ávallt í forgrunni.

Skýrslan um Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins 1974-1979 er mikilvæg og sögulegt uppgjör sem leiðir í ljós kerfisvanda en jafnframt lærdóm sem nútímakerfi barnaverndar getur byggt á. Velferðarráð hefur lykilhlutverk í að nýta niðurstöðurnar til að efla þjónustu, ábyrgð og réttindi barna í dag.

Tekið er undir eftirfarandi sem kemur fram í skýrslunni: „Vöggustofunefnd leggur í þessu ljósi til að fylgt verði tillögu fyrri vöggustofunefndar um að lagt verði mat, af bærum aðilum, hvort og þá að hvaða marki verði leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins með fjárgreiðslu í formi skaðabóta.“

